

## Fundargerð

**30. fundur sveitarstjórnar haldinn að Hlíðavegi 6,  
þriðjudaginn 10. desember 2019 kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Helgi Héðinsson oddviti, Elísabet Sigurðardóttir aðalmaður, Sigurður Böðvarsson varoddviti, Halldór Þorlákur Sigurðsson aðalmaður, Dagbjört Bjarnadóttir aðalmaður, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** **Þorsteinn Gunnarsson**, sveitarstjóri.

Í upphafi fundar lagði oddviti til að eftirfarandi máli yrði bætt við að dagskrá með afbrigðum:

1910037 - Þjónustugjaldskrá 2020

Samþykkt samhljóða að bæta málínu við á dagskrá undir dagskrálið 11 og færast aðrir dagskráliðr til sem því nemur.

**1. Mannauðsstefna Skútustaðahrepps - 1612034**

Rýnhópur sem endurskoðar Mannauðsstefnu Skútustaðahrepps hefur fundað þrisvar. Rýnhópinn skipa:

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri. Verkefnistjóri.

Elísabet Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar.

Jóhanna Jóhannesdóttir, fulltrúi grunnskólans.

Ingibjörg Helga Jónsdóttir, fulltrúi leikskólans.

Magrét Halla Lúðvíksdóttir, fulltrúi hreppsskrifstofu.

Rýnhópurinn lagði fram drög að uppfærðri Mannauðsstefnu ásamt Samskiptasáttmála og Samgöngusamningi til umsagnar hjá starfsfólkí sveitarfélagsins.

Í framhaldi af umsagnarferlinu leggur stýrhópurinn fram uppfærða Mannauðsstefnu (útgáfa 4) ásamt Samskiptasáttmála starfsfólks og Samgöngusamningi.

*Sveitarstjórm samþykkir uppfærða Mannauðsstefnu samhljóða.*

**2. Skútustaðahreppur - Jafnlaunavottun - 1909040**

Í samræmi við aðgerðaráætlun um Jafnlaunavottun sveitarfélagsins eru lagðar fram annars vegar Jafnlaunastefna Skútustaðahrepps og hins vegar Launastefna Skútustaðahrepps.

*Sveitarstjórm samþykkir jafnlaunastefnu og launastefnu samhljóða.*

**3. Fundadagatal 2020 - 1911042**

Lögð fram drög að fundadagatali sveitarstjórnar og nefnda fyrir árið 2020.

*Fundadagatalið samþykkt með áorðnum breytingum. Það verður birt á heimasíðu Skútustaðahrepps.*

**4. Umsögn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð - 1908008**

Lögð fram umsögn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps um frumvarp til laga um

Hálendisþjóðgarð. Umsögnin var send inn í samráðsgátt stjórnvalda 9. desember s.l.

"Vísað er til máls nr. 290/2019 í Samráðsgátt stjórnvalda. Ítrekað er að nefndin hefur haft gott samráð við sveitarstjórnir á þessu svæði við vinnslu málsins. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps áréttar fyrri umsagnir um málið. Fyrirætlanir um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu fela í raun í sér viðamiklar friðunaraðgerðir. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er sem fyrr jákvæð gagnvart stofnun slíks þjóðgarðs en telur mikilvægt að eftirfarandi sé haft til hliðsjónar við gerð frumvarpsins:

Sú grundvallarbreyting hefur orðið málínu frá síðasta umsagnarferli að í þessari skýrslu um áform um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð er gert ráð fyrir sameiningu Vatnajökulsþjóðgarðs við nýjan Hálendisþjóðgarð, eða eins og segir í kafla D: "Gert er ráð fyrir að Vatnajökulsþjóðgarður verði hluti Hálendisþjóðgarðs og falla því lög um Vatnajökulsþjóðgarð niður verði frumvarp þetta að lögum."

Sveitarstjórn leggur áherslu á í ljósi þessa:

- Í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 segir í 16. gr. að megin starfsstöðvar þjóðgarðsins skulu staðsettar í Ásbyrgi, Mývatnssveit, Skriðuklaustri, Hornafirði, Skaftafelli og Kirkjubæjarklaustri. Annað hvort er búið að byggja gestastofur eða undirbúningur langt kominn (Kirkjubæjarklaustur), á öllum þessum stöðum, nema í Mývatnssveit. Um meginstarfsstöðvar Vatnajökulsþjóðgarðs er einnig fjallað um í reglugerð 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarðs og í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggur áherslu á að ef niðurstaðan verður sú að Vatnajökulsþjóðgarður renni inn í nýjan Hálendisþjóðgarð og þar með falli niður lög um Vatnajökulsþjóðgarð, þá er afar mikilvægt að halda inni ákvæði um gestastofu í Mývatnssveit í lögum um Hálendisþjóðgarð svo staðið verði við þau áform og loforð sem gefin voru um málið á sínum tíma. Sveitarstjórn hefur þegar bókað um mikilvægi gestastofu og hóf undirbúning að staðsetningu og þarfagreiningu fyrir ári síðan að ósk Vatnajökulsþjóðgarðs. Á 47. fundi svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs 2017 var bókað um mikilvægi gestastofu í Mývatnssveit sem og á stjórnarfundi Vatnajökulsþjóðgarðs 17. maí 2017.

- Sveitarstjórn telur sameiningu Vatnajökulsþjóðgarðs og Hálendisþjóðgarðs sé jákvætt skref en gangi hins vegar ekki nógu langt. Sveitarstjórn ítrekar fyrri umsagnir sínar þar sem lögð var áherslu á að ekki verði búin til ný stjórnssýslueining með Hálendisþjóðgarði heldur verði allir þjóðgarðar landsins sameinaðir undir einni stofnun og þar með eitt rekstrarsvæði þar sem sveitarfélögini eigi sína fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins. Með því næst betri yfirsýn um rekstur þjóðgarðanna og önnur friðlýst svæði, stefnumótunin verður markvissari og betri tenging við sveitarfélögini í landinu. Mikilvægt er að staða annarra þjóðgarða verði metin saman í þessu samhengi. Því leggur sveitarstjórn áherslu á að þjóðgarðarnir á Þingvöllum og Snæfellsjökli falli einnig um Hálendisþjóðgarðinn þannig að úr verði ný sameignleg og kraftmikil stofnun.

Önnur mikilvæg atriði:

- Afar mikilvægt er að skipulagsvald sveitarfélaga verði virt og á engan hátt skert. Með stofnun þjóðgarðsins er verið að færa skipulagsvaldið að hluta til stjórnunar- og verndaráætlana, slíkar áætlanir mega aldrei takmarka eða ganga á skipulagsvald sveitarfélaganna.

- Tryggja þarf lýðræðislegt stjórnskipulag en það er frekar óljóst á þessu stigi. Þá liggur ekki fyrir fjármagnsgreining eða hversu mikið fjármagn er áætlað í innviðauppbryggingu og uppbyggingar með tímasettri áætlun. Mikilvægt er að

horfa til framtíðar hvað þetta varðar og því eru þau gögn sem kynnt eru á þessu stigi óásættanleg. Engin kostnaðargreining liggur fyrir eða hvað ríkisvaldið er tilbúið til þess að setja mikið fjármagn í uppbygginguna til næstu ára. Í E-kafla í mati á hifum lagasetningar segir einungis að gert er „ráð fyrir auknum útgjöldum í fjármálaáætlun til verkefna á sviði náttúruverndar? Hins vegar er gert ráð fyrir að mat á fjárhagsáhrifum verði sent til Sambands íslenskra sveitarfélaga þegar það liggur fyrir en slíkt er ríkinu skylt að gera sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps bendir á að um er að ræða stofnun þjóðgarðs sem tekur til um þriðjungs af flatarmáli landsins og því eru miklir hagsmunir í húfi og mikilvægt að vandað sé til verka og samráð haft í hvívetna á öllum stigum. Afar mikilvægt er að aðkoma heimamanna og hagsmunaðila sé skýr og tryggð hvað varðar stækkan þjóðgarða.

- Löng hefð er fyrir nýtingarátti á miðhálendinu eins og veiðirétti og upprekstrarrétti. Afar mikilvægt að svo verði áfram svo sátt náist um starfsemi þjóðgarðsins, eins og vikið er að í D kafla í áformum um lagasetningu.
- Nefndinni er m.a. ætlað að koma með tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf ásamt því að skilgreina mörk þjóðgarðsins. Í textagerðinni er ekkert komið inn á atvinnustefnu sem hlýtur að vera eitt af grundvallarþáttunum, skoða þarf þann þátt mun ítarlegra.
- Í textadrögunum vantar kort sem sýna stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum, sem er afar mikilvægt því afmörkun þjóðgarðsins er ekki nógu skýr hvað það varðar. Mikilvægt er að meta kosti og galla þjóðgarðsins í tengslum við atvinnu- og skipulagsmál áður en skilgreining á mörkum þjóðgarðsins er römmuð inn. Verður að teljast nokkur einföldun að draga mörkin við þjóðlendurnar.
- Sveitarstjórn styður hugmyndir um nýjar þjóðgarðsgáttir við Fosshól og í Mývatnssveit sem reknar yrðu samhliða þeirri sem fyrir er í Ásbyrgi. Hins vegar er mikilvægt að tryggja sveitarfélögum aðild að slíkri ákvarðanatöku.
- Stærsti hluti lands innan miðhálendistínunnar eða um 85% er þjóðlenda og/eða þegar friðlýst svæði innan afmörkunarinnar, sem byggir á almennri afstöðu nefndarinnar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að ekki séu forsendur til að útvíkka mörk hálandisins umfram það sem nefndin leggur til á þessu stigi, án þess að útiloka frekar útvíkkun þegar fram líða stundir.
- Enginn virkjunarkostur í Skútustaðahreppi fellur innan afmörkunar miðhálendistínunnar sem er í nýtingaflokki en Hrúthálsar eru í biðflokki. Engu að síður er mikilvægt að benda á að nýting endurnýjanlegrar orku á hálandinu getur skipt máli fyrir þjóðarhag. Mikilvægt er að miðhálendisþjóðgarður hamli ekki áframhaldandi rekstri orkumannvirkja en samkvæmt gildandi rammaáætlun og skýrslu verkefnisstjórnunar 3. áfanga eru virkjunarkostir í nýtingaflokki. Mikilvægt er að meta þessa hluti heilstætt og þar með þau áhrif sem friðanir og friðlýsingar munu hafa á nauðsynlega auðlindanýtingu í þágu orkuvinnslu enda getur hún farið mjög vel saman við meginmarkmið friðunar að öðru leyti, enda sé gætt ítrrustu mótvægisáðgerða. Tekið er undir að skynsamlegt er að skipta miðhálendisþjóðgarði í nokkra verndarflokka, ekki er andstætt IUCN flokkun að skilgreina orkuvinnslusvæði innan þjóðgarðs.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur kynnt skýrslu nefndar um Hálandisþjóðgarð þar sem er að finna tillögur og áherslur þverpólitískrar nefndar. Sú skýrsla er vel unnin og leggur grunn að úrlausn nokkurra þeirra áherslumála sveitarstjórnar Skútustaðahrepps sem fram kom í umsögn þessari.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps þakkar fyrir að fá að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um málið og ítrekar að fá að koma áfram að ferli þessa málsgagnvart

nefndinni."

*Sveitarstjórn staðfestir umsögnina samhljóða.*

**5. Alþingi - Umsögn um frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga - 1703011**

Lögð fram sameiginleg umsögn sveitarfélaganna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum (forsendur úthlutana úr Jöfnunarsjóði), 391. mál.:

"Sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar eru í sameiningarviðræðum undir verkefnisheitinu Þingeyingur og senda því sameiginlega umsögn við frumvarpið. Sveitarstjórnirnar taka í meginatriðum undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarpið.

Þá er vísað til umsagnar sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar við tillögu að reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga frá því í haust.

Nauðsynlegt er að ræða frumvarpið í samhengi við tillögu að stefnumörkun sveitarstjórnarráðherra í málefnum sveitarfélaga, því í þeim breytingum sem lagðar eru til á lögum um tekjustofna sveitarfélaga annars vegar og sveitarstjórnarlögum hins vegar má finna hvata og hindranir fyrir því að stefnumörkun ráðherra nái fram að ganga.

Leiða má líkum að því að veigamesta hindrunin fyrir því að stefnumörkun ráðherra nái fram að ganga sé að ekki sé gert ráð fyrir sérstökum framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að standa undir kostnaði vegna sameiningar sveitarfélaga. Sveitarstjórnirnar leggja þunga áherslu á að ríkissjóður taki þátt í því þjóðhagslega mikilvæga verkefni að stuðla að endurskipulagningu íslenska sveitarstjórnarkerfisins með sérstökum framlögum í Jöfnunarsjóð. Óásættanlegt er að fjármagn til stuðnings við sameiningar sveitarfélaga sé tekið af fjármagni til annarra verkefna sem Jöfnunarsjóði er ætlað að fjármagna. Hið sama á við um ákvæði 9. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að kostnaðarhlutur ríkisins í samkomulagi um tónlistarskóla sé greiddur af framlagi sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs.

Í umsögn sveitarfélaganna við tillögu að reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga frá því í haust voru lagðar til nokkrar skýrt afmarkaðar breytingatillögur sem sveitarfélögin telja auka hvata til sameiningar. Eru þær ítrekaðar hér.

Lagt er til að við útreikning svokallaðra skuldajöfnunarframlaga verði miðað við samstæðureikning, þ.e. bæði A og B hluta. Tillagan var rökstudd með því að skuldir og skuldbindingar fyrirtækja í B-hluta eru háðar samþykki sveitarstjórnar og með ábyrð sveitarsjóða. Þá eru skuldir B-hluta fyrirtækja í mörgum tilvikum með veð í skatttekjum sveitarsjóða. Í ljósi þess er óeðlilegt að undanskilja skuldir og skuldbindingar B-hluta fyrirtækja við mat á skuldstöðu.

Sveitarstjórnirnar leggja til að við ákvörðun skuldajöfnunarframlaga verði sömu aðferðum beitt og við útreikning á skuldahlutfalli skv. 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, líkt og gert er í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Þá leggja sveitarstjórnirnar til að heimilt verði að taka tillit til nauðsynlegs viðhalds og framkvæmda sem sveitarfélög hafa frestað til að standast ákvæði laga um rekstrarjavnvægi og skuldahlutfall. Sé það ekki gert taka framlögin ekki mið að heildarskuldbaldsetningu þeirra sveitarfélaga sem vinna að sameiningu og aðstöðumunur því ekki jafnaður.

Lag er til að framlög vegna sameiningar sveitarfélaga miðist við sama árafjölda. Í 3. og 12. gr. frumvarpsins er lagt til að fjárhagslegur stuðningur við jöfnun skuldstöðu, endurskipulagningu stjórnsýslu og þjónustu, og vegna byggðaþróunar verði í 7 ár í stað 5 ára. Sveitarstjórnirnar leggja áherslu á að samræmis verði gætt, þannig að framlög vegna skerðingar sem kann að verða á

tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar verði líka veitt til 7 ára.

Verði sameining Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar samþykkt í atkvæðagreiðslu verður til landstærsta sveitarfélag Íslands, sem nær yfir um 12% landsins. Landmikil sveitarfélög takast oft og tíðum á við flókin viðfangsefni, sér í lagi þegar kemur að skipulags- og umhverfismálum. Þau verkefni eru tíma-og kostnaðarfrek og kalla á mikla staðbundna þekkingu í bland við sérfræðipekkingu á svíði skipulags- og umhverfismála. Því er lagt til að til viðbótar við byggðaframlag sem tekur mið af íbúaþróun verði sérstakt framlag til landstórra sveitarfélaga.

Sveitarstjórnirnar fagna því að heimild til að setja sérreglur um stjórn og stjórnskipulag einstakra sveitarfélaga í tilraunaskyni sé útvíkkuð."

*Sveitarstjórn staðfestir umsögnina samhljóða.*

#### **6. Skólaakstur: Reglur - 1706023**

Í samræmi við almennar leiðbeiningar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu dags. 4. nóv. 2019 til allra sveitarfélaga í landinu leggur skóla- og félagsmálanefnd til við sveitarstjórn að 5. gr. í reglum Skútustaðahrepps um skólaakstur í dreifbýli verði endurskoðuð.

Lögð fram uppfærð reglugerð um skólaakstur í Skútustaðahreppi í dreifbýli í samræmi við leiðbeiningar ráðuneytisins.

*Sveitarstjórn samþykkir uppfærða reglugerð samhljóða.*

#### **7. Vetrarhátíð við Mývatn - 1912002**

Í samræmi við fjárhagsáætlun 2020 er lagður fram samstarfssamningur Skútustaðahrepps og Mývatnsstofu um kynningu og markaðssetningu á Vetrarhátíð við Mývatn sem verður í mars n.k. Velferðar- og menningarmálanefnd leggur til við sveitarstjórn að samningurinn verði samþykktur með áorðnum breytingum.

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.*

#### **8. Hreppsskrifstofa - Opnunartími um jól og áramót - 1912006**

Fyrirhugaður opnunartími hreppsskrifstofu Skútustaðahrepps um jól og áramót er eftirfarandi;

Þriðjudaginn 24. desember og þriðjudaginn 31. desember er lokað.

Föstudaginn 27. desember og mánudaginn 30. desember er lokað.

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslutíma um jól og áramót 2019 og felur sveitarstjóra að auglýsa fyrirkomulagið.*

#### **9. Breytingar á nefndastarfi - 1911033**

Lagt fram bréf dags. 3. desember 2019 frá Sæmundi Þór Sigurðssyni sem óskar formlega eftir því að vera leystur undan störfum sínum sem aðalfulltrúi í velferðar- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps vegna búferlaflutninga.

*Sveitarstjórn samþykkir beiðni Sæmundar Þórs og þakkar honum fyrir farsælt nefndarstarf í þágu sveitarfélagsins.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipa Kristin Björn Haraldsson sem aðalmann í stað Sæmundar Þórs.*

#### **10. Björgunarsveitin Stefán - Flugeldasala - 1912005**

Björgunarsveitin Stefán óskar með tölvupósti dags. 19. nóv. 2019 eftir umsögn sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðrar flugeldasölu fyrir áramótin. Eins og undangengin ár verður sala flugelda í húsi Björgunarsveitarinnar Stefáns að Múlavegi 2.

Jafnframt óskar Björgunarsveitin Stefán með tölvupósti dags. 9. nóv. 2019 eftir

umsögn sveitarfélagsins vegna flugeldasýningu björgunarsveitarinnar þann 31.12.2019 í Jarðbaðshólum í landi Voga.

*Sveitarstjórn staðfestir jákvæða umsagnir sem sveitarstjóri veitti þann 19. nóv. s.l. vegna flugeldasölu s.l. og 9. des. s.l. vegna flugeldasýningar.*

## **11. Þjónustugjaldskrá 2020 - 1910037**

Lögð fram uppfærð þjónustugjaldskrá og reglur fyrir útleigu á félagsheimilinu Skjólbrekku fyrir árið 2020.

Engar hækkanir eru á gjaldskránni á milli ára. Helstu breytingar felast hins vegar í því að staðfestingagjald er tekið út nema ef leigusali óskar þess, bætt er við gjaldi fyrir nestishópa, skóla- og íþróttahópa, bætt er við svokölluðu uppröðunargjaldi og reglugerðin uppfærð í takt við breytingar á gjaldskránni.

*Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða.*

## **12. Skýrsla sveitarstjóra - 1611024**

Sveitarstjóri fór yfir og lagði fram skýrslu um helstu verkefni frá síðasta sveitarstjórnarfundi.

Skýrslan verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

## **13. Atvinnumála- og framkvæmdaneftnd: Fundargerðir - 1809012**

Lögð fram 7. fundargerð atvinnumála- og framkvæmdaneftndar dags. 4. des. 2019. Fundargerðin er í fjórum liðum.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*

## **14. Landbúnaðar- og girðinganeftnd: Fundargerðir - 1612009**

Lögð fram 6. fundargerð landbúnaðar- og girðinganeftndar dags. 9. des. 2019 Fundargerðin er í 4 liðum.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*

## **15. Umhverfisneftnd: Fundargerðir - 1611036**

Lögð fram 13. fundargerð umhverfisneftndar dags. 8. des. 2019. Fundargerðin er í 8 liðum.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*

## **16. Velferðar- og menningarmálanefnd: Fundargerðir - 1809010**

Lögð fram 14. fundargerð velferðar- og menningarmálanefndar dags. 3. des. 2019. Fundargerðin er í 6 liðum. Liður 5 hefur þegar verið tekinn til afgreiðslu í þessari fundargerð undir lið 7.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.*

## **17. Nefnd um endurbygging sundlaugar: Fundargerðir - 1905011**

Lögð fram fundargerð frá 7. fundi sundlaugarneftndar dags. 26. nóvember 2019.

## **18. Nýsköpun í norðri - Fundargerðir stýrihóps - 1911001**

Lagðar fram 2. og 3. fundargerð stýrihóps Nýsköpunar í norðri dags. 14. nóvember og 2. desember 2019.

## **19. Samstarfsneftnd um sameiningu sveitarfélaga - 1905032**

Lagðar fram fundargerðir 4. og 5. fundargerðir samstarfsneftndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar dags. 17. október og 20. nóvember 2019.

## **20. Markaðsstofa Norðurlands: Fundargerðir - 1712011**

Fundargerð stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 27. nóvember 2019 lögð fram.

30. fundur sveitarstjórnar  
10.12.2019

Fundi slitið kl. 15:15.

Hilgi Þóris

Sigurbjörn

Dagþork Þjarnar.

Jónas P. Þórðar.

Elisabet Sigurðardóttir

